

Mannréttindanefnd SP fái skýrari og ítarlegri svör

Vinstrihreyfingin – grænt framboð krefst frekari svara við álit Mannréttindanefndar SP

Vinstrihreyfingin – grænt framboð lýsir furðu sinni á þeim rýru og efnislitlu svörum sem ríkisstjórn Íslands hefur sent Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórnin hefur haft 6 mánuði til að taka álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna alvarlega og bregðast við með ítarlegum hætti. Svarbréfið sem nú loks liggur fyrir er að uppistöðu til langdregin endurtekning á þeim vörnum sem íslenska ríkið hélt uppi í málinu þegar það var tekið fyrir á sínum tíma. Í niðurlagi svarbréfsins er svo loks rýr og efnislítill klausa um að hugað verði að lengri tíma áætlun um endurskoðun á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu, eða aðlögun í átt að álitu mannréttindanefndarinnar.

Engar tímasetningar koma fram, ekkert efnisinnihald, engin aðferðafræði, ekkert boðað samráð og engin sérstök markmið. Í engu er tiltekið hvernig yfirvöld hafi nú þegar reynt að bregðast við álitinu á því hálfu ári sem liðið er.

Í nokkrum liðum má segja að niðurstaða málsins sé eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin er ósammála álitu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að mannréttindi hafi verið brotin með stjórn fiskveiða og útdeilingu veiðiheimilda.
2. Ríkisstjórnin ætlar ekki að fara að kröfum mannréttindanefndarinnar um að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að þau gangi ekki gegn mannréttindaákvæðum Sameinuðu þjóðanna.
3. Ríkisstjórnin hafnar því alfarið að greiða þeim bætur sem mannréttindanefndin telur að brotið hafi verið á.

Tæpast verða þessi svör ríkisstjórnarinnar skilin þannig að yfirvöld hyggist gera mikið með álit nefndarinnar yfirhöfuð.

Hinn 26. maí sl. lagði Vinstrihreyfingin – grænt framboð fram efnislegar tillögur að svari og sendi greinargerð til ríkisstjórnarinnar með hvatningu um að náði þverpólitískt samráð væri haft um málið. Þessum tillögum var ekki svarað og er það dapurt vitni um það pukur og samráðsleysi sem einkennt hefur málið frá upphafi. Alþingi hefur verið hundsáð í ferlinu öllu en nú seinast í síðustu viku var farið fram á að málið yrði tekið fyrir á fundi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Því var hafnað.

Það veldur miklum vonbrigðum að Samfylkingin sérstaklega bakki nú alfarið í vörn og skrifi upp á rýr og efnislítill svör Íslands á alþjóðlegum vettvangi, en flokkurinn hefur haft uppi stór orð á undanförunum árum um nauðsynlegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hvetur enn á ný til þess að settur verði nú þegar á fót þverpólitískur vettvangur til þeirrar nauðsynlegu endurskoðunarvinnu sem fara þarf fram, og hefði átt að vera kallaður saman fyrir löngu síðan. Þá skorar VG á ríkisstjórnina að taka á sig rögg og senda nefndinni ítarlegri og efnislegri svör við því hvernig tryggja skuli jafnræði landsmanna. Fyrir liggur að breyta þarf ranglátu kerfi fiskveiðistjórnunar sem valdið hefur úlfúð og harðvítugum deilum í samfélaginu um árabíl.